



ÍSLENSK VERÐBRÉF

1987

í 25 ár

2012

Morgunfundur Íslenskra verðbréfa

Ávöxtunarviðmið lífeyrissjóða

Hilton Reykjavík Nordica
16. febrúar 2012

Dagskrá

8:00 til 8:30 Léttur morgunverður, rúnstykki, kaffi og tilheyrandi

8:35 **Áhrif ávöxtunarviðmiðs á lífeyrisgreiðslur**
Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur

9:05 **Samband hagvaxtar og ávöxtunar lífeyrissjóða**
Gylfi Zoëga, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands

9:35 **Kaffihlé**

9:50 **Áhrif ávöxtunarviðmiðs lífeyrissjóða á íslenska fjármálakerfið**
Gylfi Magnússon, dósent í viðskiptafræðideild Háskóla Íslands

10:30 **Morgunfundi lýkur**

Fundarstjóri: Einar Ingimundarson, framkvæmdastjóri Íslenskra verðbréfa hf.

Fundurinn er einungis opinn boðsgestum.

Vinsamlegast staðfestið þátttöku í síðasta lagi 13. febrúar á netfangið: arne@iv.is



Bjarni Guðmundsson er tryggingastærðfræðingur. Hann hefur starfað sjálfstætt sem tryggingastærðfræðingur frá árinu 1996 og rekur nú ráðgjafafyrirtækið TBG ehf. Bjarni hefur heimild Fjármálaeftirlitsins til þess að starfa sem tryggingastærðfræðingur

líftryggingafélaga og til að annast tryggingafræðilegar athuganir fyrir lífeyrissjóði og sinnir því starfi fyrir marga íslenska lífeyrissjóði. Bjarni hefur á liðnum árum veitt ráðgjöf við breytingar á samþykktum og réttindakerfi lífeyrissjóða. Bjarni hefur lokið BS prófi í stærðfræði frá Háskóla Íslands og prófi í tryggingastærðfræði frá Kaupmannahafnarháskóla og hefur sótt ýmis námskeið á vegum erlendra og innlendra samtaka tryggingastærðfræðinga.



Gylfi Zoëga er prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands og situr í peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands frá 2009-2013. Gylfi lauk doktorsprófi í hagfræði frá Columbia háskóla í New York árið 1993 með áherslu á þjóðhagfræði og

vinnumarkaðshagfræði og kenndi við Birkbeck College í London frá 1993-2003 og síðan sem gestaprófessor árin eftir 2004. Gylfi hefur birt fjölda ritgerða um langtímasveiflur atvinnuleysis, sveiflur hagvaxtar og mannaúðmyndun innan fyrirtækja.



Gylfi Magnússon er dósent í viðskiptafræðideild Háskóla Íslands og lauk cand. oecon. prófi frá Háskóla Íslands árið 1990, af þjóðhagskjarna. Að því loknu fór hann til náms við Yale University í Bandaríkjunum og lauk þaðan M.A. og M.Phil.

prófum og loks doktorsprófi í hagfræði árið 1997. Árið 1996 hóf Gylfi störf við Háskóla Íslands, fyrst hjá Hagfræðistofnun en varð dósent í viðskipta- og hagfræðideild árið 1998. Hann var formaður viðskiptaskorar 2000-2004 og forseti deildarinnar frá 2004 til 2006. Eftir Gylfa liggur fjöldi fræðigreina og tvær bækur, á sviði hagfræði og fjármála. Gylfi gegndi embætti viðskiptaráðherra og síðar efnahags- og viðskiptaráðherra á árunum 2009 og 2010.